

**76. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
5. febrúar 2018 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1710116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu framkvæmda fyrir árið 2018.

2. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Kynning á stöðu vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Drög að endurskoðun Aðalskipulags hefur verið sent á umsagnaraðila. Í framhaldi af umsögnum verða gögn metin og lögð undir ráðið að nýju.

3. 1701156 - Skógræktarfélag Akraness - styrkir og land til skógræktar

Farið yfir málefni Skógræktarfélagsins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur eftirfarandi til:

Farið verði í stækken á athafnasvæði Skógræktarfélags Akraness á svokölluðu Slögu svæði. Stækken taki til, sbr. meðfylgjandi gögn, svæða A, B og skoðað verði hugsanlega með hluta af svæði E m.t.t. starfsemi moldartipps og fjárbænda.

Um verður að ræða breytingu á aðalskipulagi í lögsagnarum dæmi Hvalfjarðarsveitar. Umhverfisstjóra falið að vinna að skipulagsbreytingu með Hvalfjarðarsveit.

4. 1801204 - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs - endurskoðun

Bæjarráð tók fyrir erindi frá verkefnistjórn sorpsamlaganna á fundi sínum þann 25. janúar sl. og vísar því til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisráði.

Óskað er eftir samstarfi um endurskoðun svæðisáætlunarinnar. Verkefnistjórnin óskar eftir því að sveitarstjórnir, bæjarstjórnir og borgarstjórn tilnefni fulltrúa sveitarstjórnar til samstarfsins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs verði skipaður fulltrúi Akraneskaupstaðar í verkefnastjórn vegna endurskoðunar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á suðvesturlandi.



5. 1801299 - Dalbraut 8 - umsókn um byggingarleyfi- gámar

Veitur ohf. sækja um leyfi til að koma fyrir sjö 20 ft. gánum á Dalbraut 8, fyrir skrifstofu, kaffi og snyrtiaðstöðu, vegna myglu í núverandi húsnaði.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að veita byggingarleyfi tímabundið.

6. 1801257 - Vesturgata 67 - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um að byggja kvist á húsið og breyta þaki.

Nýtingahlutfall lóðarinnar er 0,32 og verður eftir breytingar 0,33. Heimilt nýtingahlutfall á lóðinni er 0,32 skv. deiliskipulagi Krókatúns Vesturgötu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að nýtingahlutfall lóðarinnar verði breytt í 0,35.

Grenndarkynnt verði samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum fasteigna við Vesturgötu nr. 62a, 63a, 63b, 63, 66, 69, 71 og 71b.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Elin Brundva
Rakel Óskarsdóttir
Valgaður S. Þorsteinsdóttir
Kanitas Jónsdóttir
Kirstein Sigurgeirsdóttir
Sig. P. J.
Jónn J. Sturluson
Rafnir Sig. rit*